



Skorradalshreppur

Orka náttúrunnar ohf.
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

2309003 SÓÁ

Tilkynning um afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar

Jarðvegsstífla við inntakslón Andakílsárvirkjunar, framkvæmdaleyfisumsókn

Á 174. fundi skipulags- og byggingarnefndar þann 19. september 2023 var eftirfarandi erindi tekið fyrir:

Sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir tímabundina styrkingu á jarðvegsstíflu við inntakslón Andakílsárvirkjunar. Um er að ræða 2500 m³ af stórgrýti sem verður hlaðið loftmegin við núverandi stíflu. Framkvæmdin fór í gegnum fyrirspurn um matsskyldu og var ákvörðun Skipulagsstofnunar að endurbóta- og viðhaldsframkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Efninu verði hlaðið í sömu hæð og núverandi stífla, um 59 m y.s. Framkvæmdartími er áætlaður á fjórða ársfjórðungi þessa árs og reiknað er með að framkvæmdin taki um 2 mánuði. Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir framkvæmdasvæðið. Leyfi landeiganda liggur ekki fyrir. Virkjanaleyfi liggur ekki fyrir. Gögn eru ekki í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Skipulags- og byggingarnefnd vísar málinu frá á grundvelli þess að fyrirbyggjandi gögn eru ekki fullnægjandi og að virkjanaleyfi liggur ekki fyrir.

Þetta tilkynnist hér með. Skipulagsfulltrúi veitir fúslega frekari upplýsingar ef þess er óskað.

Hvanneyri 19. september 2023
Virðingarfyllst,

Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir,
skipulagsfulltrúi